



ÖÐRUVÍSI ÁRSHÁTÍÐ VALSÁRSKÓLA 2021

Í ár var ekki eins árshátíð og hefur verið undanfarin ár. Vegna samkomutakmarkana máttum við ekki hafa áhorfendur svo við ákváðum að taka atriðin okkar upp.

1.-4. bekkur lék Skilaboðaskjóðuna, 5.-6. bekkur lék Kardemommubæinn og 7.-10. bekkur lék Latabæ.

Nemendur og starfsfólk höfðu árshátíðardag þar sem horft var á upptökurnar og boðið upp á popp og safa.

Ferðasjóður nemenda selur miða á árshátíðina og kostar miðinn 1.000 kr. Hægt er að kaupa eins marga miða og maður vill. Miðinn inniheldur slóð á sýninguna sjálfa.

Hérna er hægt að panta miða: <https://forms.gle/NEVrQp2HzGLof2cEA>

Góða skemmtun 3.-4. bekkur.



NÆSTU RUSLADAGAR

- 27. maí - Almenn/lífrænt sorp
- 10. júní - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp

FRÉTTATILKYNNING

Þann 8. maí kl. voru opnaðar 12 nýjar sýningar í Safnasafninu, þær fjalla um svipbrigðaríka tjáningu í nánd innan félagslegra takmarkana, hvort sem það eru hópar eða einstaklingar sem raða sér upp af skyldleika í listinni. Ýmsar nýjungar eru á ferðinni í ár sem fólk kynnist smám saman, til dæmis fær það tækifæri til þess



í einum sal að skoða málverk í gegnum litla glugga, börnum og fjölskyldufólki er boðið upp á að taka þátt í Feluleik Safnasafnsins, sem felst í því að finna andlit í sýningasölonum, þau sem það gera fá viðurkenningarskjal og glaðning. Skemmtitækjasýningin úr Bláa boxinu fer fram þegar aðstæður gefast

Safnið er opið daglega frá kl. 10:00-17:00 til 12. september en eftir það er tekið á móti hópum fram eftir hausti. Aðgangseyri er stillt í hóf, vönduð sýningarskrá er innifalin í honum, sýnisbækur safneignar eru seldar á vægu verði til styrktar frekari útgáfu bóka og veggspjöld í litlu upplagi fyrir kostnaði. Einfaldar veitingar eru fríar eins og áður ef sóttvarnir yfirvalda leyfa.

SORPHIRÐA

Á vefsíðu sveitarfélagsins, www.svalbardsstrond.is, er að finna góðar upplýsingar um sorphirðu og hvernig við eigum að flokka sorpið okkar. Þar er einnig að finna nokkur skemmtileg myndbönd um endurnýtingu sorps, flokkunarmerkingar sem hægt er að setja á flokkunarílát, ítarlegar upplýsingar um helstu úrgangsflokka og svo margt fleira. Terra sér um sorphirðu í hreppnum en á vefsíðu Terra er einnig að finna mikið af góðum upplýsingum, www.terra.is.

Með því að flokka endurnýtanlegan úrgang leggur þú umhverfinu lið, minnkar urðun og eykur endurvinnslu til hagsbóta fyrir umhverfið og okkur öll.

Endurvinnslutunnan

The Recycle Bin

Kosz sortowniczy

- Eftirfarandi flokka má setja lausa í Endurvinnslutunnuna eða í glærum pokum:
- The Recycle Bin accepts the following materials directly to the bin or in clear plastic bags:
- Następujące rzeczy do sortowania proszę wrzucać luzem lub w przezroczystych workach:

Flokkur Category / Rodzaj	Dagblöð og tímarit Newspapers & magazines Gazety i czasopisma	Pappir Office paper Papier biurowy	Sléttur pappi/ bylgjupappi Cardboard & non corrugated cardboard Kartony	Málmumbúðir Metal packaging Opakowania metalowe	Plastumbúðir Plastic packaging Opakowania plastykowe	Fernur Beverage cartons Kartony po mleku
Hráefni Raw material / Surowce	Dagblöð og tímarit. Newspapers & magazines. Gazety i czasopisma.	Bæklingar, umslög og ruslpóstur. Office paper/envelopes & junk mail. Papier biurowy, koperty i papiery pocztowe, czasopisma reklamowe.	S.s. hreinir pizzukassarar og morgun-kornspakkar. Cardboard & non corrugated cardboard. Clean pizza boxes. Czyste opakowania po pizzy oraz płatkach śniadaniowych.	S.s. skolaðar niðursuðudósir og lok af glerkrukum. For example cans & jar lids. Puste puski, zakretki od stoików.	S.s. brúsar, plastfilma, plastdósir, plastpokar, frauðplast, plast utan af áleggi og plastóskjur. Plastykowe opakowania po żywności i stero pianowe.	S.s. mjólkurfernur, rjómafernur og jógúrtfernur. For example milk, cream and yoghurt cartons. Tak jak opakowania po mleku, śmietanie i jogurtach.
Frágangur Finish / Odpady	Sett beint í tunnu. Put directly into the bin. Wrzucać prosto do pojemnika.	Sett beint í tunnu. Put directly into the bin. Wrzucać prosto do pojemnika.	Sett beint í tunnu Put directly into the bin. Wrzucać prosto do pojemnika.	Skola þarf efnið og losa lok af dösum, má skila lausa eða í glærum pokum. Clean and remove lid if included. Put directly in the bin or in clear bags. Oplúkać oraz zakretki luzem, wyzućać bezpośrednio do pojemnika lub w przezroczystych workach.	Brúsar í lausu eða í glærum pokum. Put all plastics directly into the bin or in clear bags but plastic bags and film in clear bags. Pojemniki, butelki luzem lub w przezroczystych workach.	Skolaðar og samanbrótar. Beverage ctns. clean & folded. Muszą być czyste i złożone razem.

Má ekki fara í tunnuna!
Not allowed to put in the bin!
Nie można wrzucać do pojemnika!

Ekki gler vegna slyshættu við flokkun!

No glass due to accident risk when sorting!

Uprzejmie prosimy nie wrzucać szkła do kosza sortowniczego z powodu niebezpieczeństwa podczas sortowania!



AÐALFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS SVALBARÐSSTRANDAR

Aðalfundur Skógræktarfélag Svalbarðsstrandar verður haldinn mánudagskvöldið 31. maí 2021, kl. 20:00 í Vaðlabrekku 15 í Svalbarðsstrandarhreppi.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Um leið og félagsmenn eru hvattir til að mæta, eru nýir félagar boðnir velkomnir.

Ef veður leyfir verður fundurinn haldinn utandyra.

Stjórnin



FRISBÍGOLF KENNSLA



Æskan ásamt Frisbígolf félagi Akureyrar bjóða upp á nokkur skipti af kennslu í sumar, aðeins 2.000 kr á manninn.

Námskeiðin verða dagana,
26. maí, 2. júní, 9. júní, 4. ágúst og 18. ágúst

Hvetjum alla sem vilja ná undirstöðum þessa frábæru íþróttar að skrá sig sem „going“ á viðburðinum, mikilvægt uppá að við vitum við hve mörgum má búast við.

Allir velkomnir ungir sem eldri.

EKKI láta þetta tækifæri fram hjá þér fara!

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 16. júní.

Skilafrestur er til kl. 15:00 mánudaginn 14. júní.

Efni sendist á sandra.einars@gmail.com